

**Fundargerð 44. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.**  
**Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 26. mars 2018 kl. 13.00**

**Dagskrá:**

1. Áhersluverkefni landshluta 2018
2. Brothættar byggðir – Árneshreppur
3. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024
4. Önnur mál
  - a. Skipting fjármuna milli sóknaráætlanasvæða árið 2018
  - b. Skipan stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SSR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsson (sambandinu), Pórarinn Sólmundarson (MMR), Þór G. Pórarinsson (VEL) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Hermann Sæmundsson sat miðbik fundarins.

**Fjarverandi:** Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Stefanía Traustadóttir (SSR), Helga Haraldsdóttir (ANR), Páll Brynjarsson (SSV) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 43. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Áhersluverkefni landshluta 2018**

Verkefnisstjóri fór yfir 51 áhersluverkefni sex landshluta, en FV og SSH hafa fengið frest til 16. apríl til að skila sínum áhersluverkefnum. Flest verkefni voru staðfest en nokkur þarfnast nánari skýringa eða frekari athugunar. Einnig var nokkuð rætt um að framsetningu áhersluverkefna væri áfátt.

**2. Brothættar byggðir – Árneshreppur**

Árneshreppur er nýr þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir. Fyrirliggja markmið og framtíðarsýn verkefnisins, undir fyrirsögninni Áfram Árneshreppur, unnin af heimamönnum og starfsmönnum Byggðastofnunar. Tilgangur þess að kynna verkefnið fyrir stýrihópnum er að vekja athygli fulltrúanna og ráðuneyta þeirra á stöðunni í Árneshreppi samhliða því að kynna verkefnið.

**3. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024**

Formaður dreifði drögum að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 og gerði grein fyrir stöðu málsins. Drögin hafa verið samþykkt í ríkisstjórn og verða lögð fyrir alþingi eftir páska. Alls bárust 25 athugasemdir sem unnið var úr. Í áætluninni eru 54 aðgerðatillögur. Lýst var yfir ánægju með hið víðtæka samráð sem haft var við gerð áætlunarinnar, sérstaklega samráð við ráðuneytin. Fulltrúi velferðarráðuneytisins gerði þó athugasemd við að ekki hefði að fullu verið tekið tillit til óska velferðarráðuneytisins. Formaður mun fara yfir málið með fulltrúum ráðuneytisins.

**4. Önnur mál**

- a. Skipting fjármuna milli sóknaráætlanasvæða árið 2018

Skipting fjármuna milli sóknaráætlunarsvæða er grundvölluð af sex viðmiðum sem sett voru niður árið 2015. Ákveðið var að halda óbreyttu fyrirkomulagi árið 2018 en að skoðað verði hvort gera eigi breytingar vegna skiptingarinnar fyrir árið 2019. Verði það gert munu upplýsingar um það liggja fyrir haustið 2018.

b. Skipan í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Formaður minnti á að skipunartíma stýrihóps sé að ljúka, en enn eiga eftir að berast tilnefningar frá nokkrum ráðuneytum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30